

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 175.765.00 (kr. 79.765.00 + 3.000.00 + 68.000.00 + 25.000.00).

Frá þessari upphæð ber að draga  $\frac{2}{3}$  hluta, þ. e. hluta stefnanda sjálfs í sökinni, eða kr. 117.176.00.

Ber því stefnda að greiða stefnanda alls kr. 58.589.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00, og er þá tekið tillit til útlagðs kostnaðar við örorkumat o. fl.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum Sigurgesti Guðjónssyni og Sigþóri Guðjónssyni bifvélavirkjameisturum.

#### Dómsorð:

Stefndi, Jón Hjartarson, greiði stefnanda, Ásgeiri Ásgeirsyni, kr. 58.589.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1966 til greiðsludags og kr. 13.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. júní 1969.

Nr. 19/1969. **Ragnar Kristjánsson**  
(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)  
gegn  
**Kristjáni Júlíussyni**  
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Fyrning.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1969. Málinu var upphaflega áfrýjað með stefnu 15. nóvember 1968, en útivistardómur gekk 3. febrúar 1969. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í héraðsdómi, telur áfrýjandi samkomulag hafa verið komið á um væntanlegar byggingarframkvæmdir aðiljanna, þegar stefndi galt honum hinn 30. júlí 1959 þær kr. 20.000.00, sem málið fjallar um. Heldur áfrýjandi því fram, að ætlun aðilja hafi verið, að þessari fjárhæð yrði varið til framkvæmdanna.

Af hálfu stefnda var því fyrst haldið fram, að komið hafi til mála, þegar fjárhæðin var greidd, að áfrýjandi fengi að endurgreiða hana „með lóð, er hann (áfrýjandi) kvaðst eiga von á að fá úthlutaða hjá Kópavogskaupstað“. Síðar í rekstri málsins kveður stefndi, að þetta atriði hafi fyrst borið á góma um tveim til þrem mánuðum eftir afhendingu peninganna. Stefndi hefur ekki fært sönnur á, að þessi greiðsla hafi verið peningalán til áfrýjanda. Er því krafan fallin niður fyrir fyrningu, sbr. 5. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Verður áfrýjanda því dæmd sýkna af kröfum stefnda, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

### Dómsorð:

Áfrýjandi, Ragnar Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kristjáns Júlíussonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. september 1968.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þessa mánaðar, hefur Kristján Júlíusson, Hrístateigi 13 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, útgefinni hinn 18. ágúst 1966, á hendur Ragnari Kristjánssyni, Brávallagötu 44 hér í borg, til greiðslu á kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. júlí 1959 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að hin umstefnda

fjárhæð sé peningalán, sem stefnandi hafi veitt stefnda hinn 30. júlí 1959 samkvæmt skuldayfirlýsingu undirritaðri af stefnda.

Fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá málavöxtum, að stefndi hafi komið að máli við hann og sagt, að hann hefði erfðafestuland í Kópavogi og mundi geta fengið út úr því byggingarlóð og hann langaði til að fara að byggja. Kveður stefnandi stefnda hafa farið fram á það, að hann lánaði honum 20.000.00 krónur. Kveðst stefnandi hafa gert það. Stefnandi kveður stefnda svo hafa komið til sín þrem mánuðum síðar og boðið sér, að þeir byggðu saman hús á lóðinni nr. 19 við Skólagerði. Kveður stefnandi stefnda hafa sagt, að hann væri búinn að láta gera teikningu af íbúðum á þessari lóð. Kveðst stefnandi þá hafa spurt stefnda, hvort hann hefði peninga til að leggja fram á móti. Stefndi hafi svarað því til, að það teldi hann sig ekki hafa. Kveður stefnandi ekkert samkomulag hafa orðið um sameiginlegar byggingarframkvæmdir þeirra aðiljanna, þar sem stefndi hafi ekki getað lagt fram neitt fé til framkvæmdanna. Stefnandi kveðst skömmu síðar hafa átt tal við stefnda og hafi þá allt staðið við það sama hjá honum. Kveðst stefnandi þá hafa tjáð honum, að ekki gæti neitt orðið úr sameiginlegum framkvæmdum þeirra og kveðst hafa óskað þess, að stefndi endurgreiddi umræddar kr. 20.000.00 við tækifæri, þar sem hann, þ. e. stefnandi, hefði ekki fengið neitt verðmæti fyrir lánsféð. Kveður stefnandi stefnda hafa svarað því til, að hann hefði ekkert fé til að endurgreiða með, og hafi því samtali þá verið lokið í það skiptið. Kveðst stefnandi aldrei hafa lofað að taka þátt í sameiginlegum byggingarframkvæmdum á umræddri lóð með stefnda. Stefnandi kveður stefnda aldrei hafa haldið því fram við sig, að samningur hafi verið kominn á um byggingarframkvæmdirnar. Kveðst stefnandi fyrst hafa heyrt því haldið fram, eftir að mál þetta var höfðað. Stefnandi kveðst nokkrum sinnum hafa krifið stefnda munnlega um fjárhæðina, en aldrei skriflega. Ekki kveður stefnandi neitt hafa verið ákveðið um það, hvenær stefndi skyldi greiða skuldina, en hann kveðst hafa gert ráð fyrir, að stefndi greiddi hana við tækifæri.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að vorið 1959 hafi þeim aðiljum máls þessa komið saman um, að hann, þ. e. stefndi, gerði ráðstafanir til undirbúnings byggingar á lóðinni nr. 19 við Skólagerði í Kópavogi, sem byggingaryfirvöld höfðu úthlutað honum. Kveður stefndi samning þeirra aðiljanna um þetta efni hafa verið munnlegan. Kveður stefndi stefnanda hafa afhent sér umræddar

kr. 20.000.00, er notaðar skyldu til þessa undirbúnings. Stefndi kveðst nú hafa fengið Ásgeir Yngvason til að gera teikningu af húsinu. Teikningu þessa kveðst stefndi hafa fengið samþykka svo og önnur leyfi, sem til hafi þurft. Teikninguna og kvittanir fyrir því, sem hann greiddi, kveðst stefndi hafa afhent stefnanda og kveður þau plögg nú vera í hans vörzlum. Ekki kveðst stefndi sjálfur hafa lagt til peninga til framkvæmdanna, en kveðst hafa lagt fram vinnu sína svo og lóðarréttindi. Hann kveðst hafa grafið fyrir grunni hússins og reiknað sér þóknun fyrir svo og fyrir aðra vinnu og umstang, sem hann hafi haft af þessu. Kveður stefndi stefnanda hafa vanefnt samkomulag þeirra aðiljanna með því að gera ekki ráðstafanir til þess að hægt væri að halda áfram með verkið. Kveðst stefndi hafa talað við stefnanda síðari hluta sumars eða haustið 1959 um það, að komið væri að því, að þeir keyptu timbur, en ekkert hafi verið ákveðið um timbur í það sinn. Kveðst stefndi svo ekki hafa haft samband við stefnanda fyrr en um vorið 1960. Þá hafi stefnandi neitað að halda byggingarframkvæmdum áfram án þess að tilgreina ástæðu. Ekki kveður stefndi þá aðiljana hafa verið búna að ákveða það nánar, hvernig byggingarframkvæmdum skyldi hagað, en frá byrjun hafi þó verið um það rætt, að báðir hlutar hússins, sem áttu að vera svonefnt parhús, skyldu byggðir sameiginlega. Stefndi kveður staðið hafa til, að þeir gerðu skriflegan samning um byggingarframkvæmdir, en ekki hafi verið ákveðið, hvernig frá honum skyldi ganga. Stefndi kveður byggingarleyfið og úthlutun lóðarinnar hafa verið gerða á sitt nafn, en hann kveður byggingarfulltrúann í Kópavogi hafa tjáð sér, að stefnandi gæti gengið inn í byggingarleyfið með sér síðar og nánast hvenær sem væri, a. m. k. þegar lóðarsamningur væri gerður. Kveðst stefndi hafa fengið þessar upplýsingar hjá byggingarfulltrúanum, eftir að hann hafði farið fram á, að byggingarleyfið yrði einnig gefið út á nafn stefnanda. Stefndi kveður stefnanda sjálfan aldrei hafa krafist um endurgreiðslu á umræddum kr. 20.000.00, en hann kveðst ef til vill hafa heyrt á stefnanda, að hann vildi fá eitt-hvað af peningunum til baka á tímabilinu frá vorinu 1960 og þar til byggingarleyfið var afturkallað. Ekki kveðst þó stefndi geta tímasett það frekar, hvenær hann þóttist skilja þetta á stefnanda.

Í málinu hefur verið lögð fram svohljóðandi yfirlýsing, dags. 30. júlí 1959, undirritað af stefnda.

„Ég undirritaður, Ragnar Kristjánsson, Brávallagötu 44,

Reykjavík, hefi móttakið hjá Kristjáni Júlíussyni, Vesturgötu 22, Reykjavík, kr. 20.000.00 — tuttugu þúsund krónur — hinn 30. júlí 1959“.

Kröfur stefnanda eru byggðar á því, að fjárhæð sú, sem krafði er um greiðslu á í máli þessu, sé peningalán, sem stefnandi hafi veitt stefnda hinn 30. júlí 1959, en stefndi hafi viðurkennt móttöku fjárhæðar þessarar með yfirlýsingu þeirri, sem lögð hefur verið fram í málinu.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að umræddar kr. 20.000.00 hafi verið bein greiðsla á hluta stefnanda sjálfs í kostnaði við undirbúningsframkvæmdir á lóðinni nr. 19 við Skólagerði í Kópavogi, enda sé yfirlýsing sú, sem stefndi gaf af því tilefni, hrein kvittun, en feli ekki í sér neina skuldaviðurkenningu. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að jafnvel þótt umrædd krafa hafi átt rétt á sér, þá sé hún fyrnd samkvæmt reglum um fyrningu á endurkröfum, þar sem í hæsta lagi væri um verzlunarskuld að ræða.

Umrædd viðurkenning stefnda, sem hann gaf stefnanda við móttöku fjárhæðarinnar, kr. 20.000.00, segir ekki berlega, hvort um hafi verið að ræða peningalán eða greiðslu á kostnaði við sameiginlegar byggingarframkvæmdir. Þegar virt er það, sem fram er komið í málinu, þykir þó verða að leggja til grundvallar, að um peningalán hafi verið að ræða. Verður eigi á það fallið með stefnda, að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir fyrningu. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 20.000.00 með vöxtum, sem eftir öllum atvikum þykir rétt að dæma 7% frá birtingu sáttakæru, 25. ágúst 1966. Þá þykir og eftir öllum atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Kristjánsson, greiði stefnanda, Kristjáni Júlíussyni, kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 25. ágúst 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.